Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 384/1993. **Þorláksvör hf.**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Umboð. Prókúra. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1993 og krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.139.315 krónur, en til vara 1.139.315 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 16. febrúar 1991. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi tók við réttindum og skyldum Iðnaðarbanka Íslands hf. í ársbyrjun 1990.

Í héraðsdómi er rakið efni yfirlýsingar, sem Karl Karlsson, þáverandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri áfrýjanda, undirritaði 10. nóvember 1986 „pr. pr. Þorláksvör hf.“. Meginefni yfirlýsingar þessarar er að tryggja greiðslu, eftir því sem til hrekkur, á skuldum Hafnarbergs hf. við Iðnaðarbanka Íslands hf. Óumdeilt er, að Karl Karlsson hafði prókúruumboð fyrir áfrýjanda, er hann skrifaði undir yfirlýsinguna, sbr. 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Ekki verður talið, að með því að gangast undir skuldbindingu, sem fólst í yfirlýsingunni, hafi Karl Karlsson farið út fyrir heimild þá, er hann hafði gagnvart þriðja manni samkvæmt 1. málslið 25. gr. nefndra laga, til að annast allt það, sem snertir rekstur atvinnu áfrýjanda. Er hér einnig á það að líta, að ákvæði 2. málsliðar fyrrnefndrar lagagreinar um takmörkun á prókúruumboði get-

ur ekki átt við um hina umdeildu skuldbindingu, hvorki eftir orðanna hljóðan né með lögjöfnun.

Samkvæmt þessu er áfrýjandi bundinn gagnvart stefnda af yfirlýsingunni frá 10. nóvember 1986. Skiptir ekki máli um réttarstöðu aðila í dómsmáli milli þeirra, hvort hún verður talin jafngilda veðsetningu.

Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki þörf á að fjalla um ákvæði 2. mgr. 52. gr. eða 61. gr. þágildandi laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

II.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, segir í margnefndri yfirlýsingu, að til tryggingar greiðslu skuldar Hafnarbergs hf. við lönaðarbanka Íslands hf. afhendi áfrýjandi bankanum fullan aðgang að nánar tilgreindum sparireikningi „með innstæðu kr. 1.000.000,00 . . .". Af orðalagi yfirlýsingarinnar verður ekki ráðið, að útgefanda hennar sé skylt að ábyrgjast vanskil félagsins umfram þessa fjárhæð, þótt heildarskuld Hafnarbergs hf. við bankann kynni að nema hærri fjárhæð, sökum þess að vextir, verðbætur eða kostnaður legðust við höfuðstól. Eru ekki rök til þess að leggja rýmri skilning í yfirlýsinguna, enda þykir eðlilegt, eins og atvikum er hér háttað, að bankinn beri halla af því, að ekki var tekið fram, að skuldbindingin gæti orðið hærri en 1.000.000 krónur, ef svo bæri undir.

Af hálfu áfrýjanda er ekki vefengt, að bankinn hafi varið umdeildri fjárhæð til greiðslu vanskilaskulda Hafnarbergs hf.

III.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda 1.139.315 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Jafnframt þykir rétt að dæma stefndu til greiðslu á samtals 250.000 krónum í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Þorláksvör hf., 1.139.315 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. febrúar 1991.

Stefndi greiði áfrýjanda alls 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1993.

Ár 1993, föstudaginn 25. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-7838/1992: Þorláksvör hf. gegn Íslandsbanka hf., en málið var dómtekið 21. þ. m.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 9. júlí 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, verði gert að greiða aðallega 2.139.315 kr., en til vara 1.139.315 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. febrúar 1991 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. febrúar 1992. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af stefnukröfum. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

Málavextir.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að fyrirtækið Hafnarberg hf. var í bankaviðskiptum við útibú Iðnaðarbanka Íslands á Selfossi haustið 1986. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar Hafnarbergs hf. við Iðnaðarbankann á Selfossi undirritaði Karl Karlsson, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þorláksvarar hf., yfirlýsingu 10. nóvember 1986, en yfirlýsingin er svohljóðandi:

„Undirritað firma, ÞORLÁKSVÖR hf., nnr. 9668-8806, Þorlákshöfn, gjörir kunnugt:

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuld, sem Hafnarberg hf., nnr. 3503-3076, kemur til með að skulda Iðnaðarbanka Íslands hf., Selfossi, í hvaða formi sem er, hvort sem það er höfuðstóll, vextir eða kostnaður, þar með talinn innheimtukostnaður, réttargjöld, málskostnaður, vátryggingargjöld, er bankinn greiðir, eða annað, að engu undanskildu eftir reikningi bankans, hef ég afhent bankanum fullan aðgang að sparireikningi mínum númer 50596 hér við útibúið að innstæðu kr. 1.000.000,00 – ein milljón 00/100-.

Innstæða þessi skal standa óhreyfð þar til allar skuldir fyrirtækisins hafa verið uppgreiddar.

Bankinn má, ef vanskil verða, nota innstæðu þessa til að koma láni eða lánum í skil eða á hvern þann hátt, sem honum sýnist henta. Meðan bank-

inn hefur fullan yfirráðarétt yfir innstæðu á sparireikningi nr. 50596, er fyrirtækinu skylt að greiða það, sem greiða ber, til þess að rétturinn, sem fylgir yfirráðaréttinum yfir innstæðunni, falli ekki niður eða rýrni.

Selfossi, 10. 11. '86,
pr. pr. Þorláksvör hf.,
Karl Karlsson (sign)".

Hinn 15. febrúar 1991 voru teknar út 2.139.315,59 kr. af sparireikningi þeim, sem getið er um í yfirlýsingunni hér að framan, og er það stefnukrafa máls þessa, en stefnandi reisir málsókn sína á því, að yfirlýsing Karls Karlssonar f. h. Þorláksvarar hf. sé ekki skuldbindandi fyrir félagið. Stefndi heldur hinu gagnstæða fram. Óumdeilt er, að fjármunirnir, sem teknir voru út af reikningnum 15. febrúar 1991, voru notaðir til að greiða skuldir Hafnarbergs hf.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi heldur því fram, að ráðstöfun Karls Karlssonar, sem um getur að framan, sé ekki skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf., þar sem ráðstöfun Karls hafi verið utan heimilda, sem framkvæmdastjórar hlutafélaga hafa skv. hlutafélagalögum, svo og andstæð reglum laga um prókúruumboð.

Stefnandi telur, að ekki hafi stofnast gild handveðssetning, þar sem veðsetning á stofnskírteini bankabókarinnar hafi verið andstæð reglum bankans, sem fram kom á stofnskírteini reikningsins, og þá uppfylli veðsetningin ekki almennar reglur um handveðssetningu.

Þá telur stefnandi, að yfirlýsingin hafi verið samin af starfsmönnum Iðnaðarbankans og við henni tekið gegn betri vitund, þar sem eignir Þorláksvarar hf. hafi verið veðsettar fyrir skuldum alls óskylds aðila, sem engin viðskiptatengsl hafi haft við Þorláksvör hf.

Stefndi telur, að um fullgildan veðsamning hafi verið að ræða með yfirlýsingunni frá 10. nóvember 1986, enda hafi verið veðsett innstæða tilgreinds bankareiknings, en ekki stofnskírteini hans, sem sjálft ber ekki með sér, hver innstæðan sé á hverjum tíma. Reglur bankans hafi verið þannig, að ekki hafi verið unnt að taka út af reikningnum öðruvísi en skilja eftir innstæðu, sem væri í samræmi við yfirlýsinguna frá 10. nóvember 1986.

Verði ekki á það fallist, að um gildan handveðssamning hafi verið að ræða, taldi stefndi, að um fullgildan samning milli aðila hefði verið að ræða.

Stefndi mótmælti því þannig, að yfirlýsingin hefði ekki verið skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf., þar sem Karl Karlsson hefði sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi haft fullt umboð til að skuldbinda félagið með þessum hætti.

Stefndi telur, að ekki hafi verið í verkahring stefnda að grafast fyrir um

tengsl milli Þorláksvarar hf. og Hafnarbergs hf., og telur stefndi, að slík tengsl skipti ekki máli, eins og hér stendur á, enda alþekkt í bankaviðskiptum, að ábyrgð sé fengin hjá þriðja manni eins og í máli þessu.

Niðurstöður.

Samkvæmt gögnum málsins var Karl Karlsson, Heinabergi 24, Þorlákshöfn, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þorláksvarar hf., er hann undirritaði framangreinda yfirlýsingu.

Samkvæmt efnahagsreikningi Þorláksvarar hf. fyrir árið 1986 var mestur hluti eigna félagsins innstæða á reikningi nr. 50596, en það er sami reikningur og um getur í yfirlýsingunni hér að ofan. Karl Karlsson undirritaði yfirlýsinguna sem prókúruhafi. Prókúruumboð nær til allra ráðstafana, sem snerta þá starfsemi, er félagið rekur, og lúta að daglegum rekstri. Með því að Karl Karlsson var með ráðstöfun innstæðu á framangreindum reikningi að ráðstafa mestum hluta af eignum Þorláksvarar hf. í þágu Hafnarbergs hf., telur dómurinn, að sú ráðstöfun hafi fallið utan prókúruumboðs hans, enda tilgangur Þorláksvarar hf. skv. Hlutafélagaskrá rekstur fasteigna, fiskverkun, útgerð og annar skyldur atvinnurekstur. Hið sama á við, ef litið er til 2. mgr. 52. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, að þessi ráðstöfun Karls Karlssonar var fyrir utan heimild hans til að skuldbinda félagið sem framkvæmdastjóri. Ráðstöfunin var mikils háttar og óvenjuleg í skilningi ofangreinds lagaákvæðis og fyrir utan tilgang félagsins og hefði því þurft að vera samkvæmt sérstakri heimild félagsstjórnar. Dómurinn telur, að Iðnaðarbankinn hafi verið í góðri trú, er hann tók við yfirlýsingunni, undirritaðri af Karli Karlssyni, sem var stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þorláksvarar hf. Vegna þessa verður ekki virt sú málsástæða stefnanda, að yfirlýsingin sé ekki skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf. vegna grandsemi bankans, sbr. 61. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Þrátt fyrir það að fallist sé á þá málsástæðu stefnanda, að Karl Karlsson hafi farið út fyrir prókúruumboð sitt og út fyrir heimild þá, sem hann hafði til að skuldbinda félagið sem framkvæmdastjóri, telur dómurinn, að ekki séu efni til að telja yfirlýsinguna óskuldbindandi fyrir Þorláksvör hf. Helgast það einkum af þeirri málsástæðu stefnda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins og leiða má af gögnum málsins, að tæplega fimm ár liðu frá undirritun yfirlýsingarinnar, þar til gerð var athugasemd við ráðstöfun bankans, sem styðst við yfirlýsinguna. Allan tímann, allt frá því í nóvember 1986 og fram í október 1991, gegndi Karl Karlsson þeim störfum fyrir Þorláksvör hf., sem getið var um að framan, og sat í stjórn með sama fólki. Allan tímann var hugsanlegt, að bankinn gengi að tryggingunni, sem studdist við yfirlýsinguna. Hluthafar og stjórnarmenn Þorláksvarar hf. höfðu allan

þennan tíma tækifæri til að gera athugasemd við ráðstöfun Karls Karlssonar í þágu Hafnarbergs hf. á aðalfundum Þorláksvarar hf., sem skylt var að halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári, sbr. 67. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, eða á stjórnarfundum félagsins. Þar sem ekki kom fram athugasemd við ráðstöfun Karls Karlssonar fyrr en rúmum fimm árum eftir undirritun yfirlýsingarinnar og eftir að Karl og aðrir stjórnarmenn höfðu sagt sig úr stjórn félagsins, telur dómurinn, að líta beri á þögnina sem samþykki stjórnarmanna fyrir ráðstöfuninni og hún hafi þar með verið skuldbindandi fyrir Þorláksvör hf.

Samkvæmt þessu ber að sýkna Íslandsbanka hf. af kröfum stefnanda og gera stefnanda að greiða 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Þorláksvarar hf.

Stefnandi, Þorláksvör hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.